

The background of the entire page is a photograph of the aurora borealis (northern lights) in shades of green and blue, set against a dark, starry night sky. The aurora appears as a bright, glowing arc on the right side of the image.

Ársskýrsla
Heilsugæslu
höfuðborgarsvæðisins
2015

Ávarp forstjóra

Starfsfólk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins helgar sig verkefnum hvernar stundar og er meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína. Heilsugæslan stuðlar að bættu heilbrigði íbúa á höfuðborgarsvæðinu með markvissri, samfelldri og aðgengilegri þjónustu. Hún hefur á að skipa starfsfólki sem býr að mikilli þekkingu og reynslu og leggur metnað sinn í að þjóna íbúum höfuðborgarsvæðisins af fagmennsku og virðingu. Ársskýrslan er vitnisburður þess góða starfs.


Óneitanlega gætti áhrifa verkfalla í starfseminni, sem að öðru leyti var með hefðbundnum hætti. Heilsugæslan samgleðst starfsfólki sínu vegna fenginna kjarabóta, því ásættanleg laun eru nauðsynleg forsenda þess að Heilsugæslunni haldist á góðu starfsfólki.

Rekstur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var jákvæður á árinu um 14,5 m.kr. Er þetta sjötta árið í röð sem rekstur þessarar stóru heilbrigðisstofnunar er réttum megin við strikið. Eins og hjá mörgum öðrum stofnunum ríkisins varð verulegur halli á rekstri stofnunarinnar í kjölfar bankahrunsins og næstu ár á eftir voru framlög til stofnunarinnar skert. Enn vantar talsvert á að fjárheimildir stofnunarinnar séu orðnar jafnháar og fyrir bankahrún, miðað við sama launa- og verðlagsstig, en stofnunin hefur engu að síður náð að halda rekstrinum í jafnvægi á undanförunum árum.

Á árinu var boðuð breyting á stjórnskipulagi þeirra heilsugæslustöðva sem heyra undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og kom hún fyrst til framkvæmda á stöðvunum í Glæsibæ, Grafarvogi og Mjódd þann 1. október. Áformað er að breytingin eigi sér stað í áföngum, á þremur stöðvum í senn og að henni ljúki á árinu 2017. Breytingin miðar að því að auka þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins, nýta betur takmarkaða fjármuni Heilsugæslunnar og stuðla að bættu vinnuumhverfi starfsmanna. Einn stjórnandi mun bera faglega og fjárhagslega höfuðábyrgð á rekstri hvernar stöðvar. Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðvanna. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvunum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum, en á undanförunum árum hafa viðfangsefni heilsugæslunnar verið að breytast með vaxandi tíðni lífsstílsjúkdóma, geðrænna vandamála og auknum fjölda sjúklinga sem þurfa mikinn og alhliða stuðning. Um leið hefur verið skortur á sérhæfðu starfsfólki sem kallar á nýja nálgun í starfseminni.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins störfuðu á árinu um 620 manns og unnu þeir samtals um 460 ársverk. Heilsugæslan samanstendur af 15 heilsugæslustöðvum, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og Geðheilsu – eftirfylgd/iðjuþjálfun, auk annarrar miðlægrar starfsemi sem fyrst og fremst gegnir því hlutverki að styðja við starfsemi heilsugæslustöðvanna. Verkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru margvísleg og krefjandi og má öflugur hópur starfsmanna og stjórnenda vera stoltur af framlagi sínu og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri



Skipurit HH 1. október 2015

Árið 2015 – Nokkur atriði Sérnám í heilsugæsluhjúkrun

Á árinu hófst langþráð sérnám í heilsugæsluhjúkrun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Svanhvít Jakobsdóttir forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eyjólfur Guðmundsson rektor Háskólans á Akureyri skrifuðu undir samning um sérnámið á Akureyri í apríl.

Viðfangsefni sérnáms í heilsugæsluhjúkrun er að efla hæfni hjúkrunarfræðinga í starfi á heilsugæslustöð ásamt því að móta viðhorf og sýn til þjónustu heilsugæslunnar. Nemendur fá tækifæri til að rýna í gagnreynda starfshætti og þjálfu með sér færni til að nýta í daglegu starfi undir handleiðslu lærimeistara á heilsugæslustöð.

Námið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klíniskri þjálfun á heilsugæslustöð hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undir handleiðslu lærimeistara. Námið er skipulagt til eins árs og lýkur með diplóma gráðu. Mikill áhugi er á þessu námi og sendu fimmtán hjúkrunarfræðingar inn umsókn og hófu fimm þeirra nám í ágúst. Fjölmarginir starfsmenn HH koma að sérnáminu, bæði sem lærimeistarar og kennarar.

Heilbrigðisstarfsfólk innan heilsugæslunnar hefur kallað eftir auknu námsframboði, og þá sérstaklega námsframboði með klíniskri þjálfun, sem tekur mið af þörfum heilsugæslunnar til að mæta framtíðarkröfum um þjónustu. Með betur þjálfuðum hjúkrunarfræðingum er hægt að efla starfsemina enn frekar og takast á við flóknari verkefni innan heilsugæslunnar.

Sérnám í heimilislækningum

Sérnám í heimilislækningum var einning eflt með því að kveða skýrar á um skipulag kennslunnar á Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) í endurnýjuðu samkomulagi sem stofnirnar hafa gert með sér og forstjórar þeirra, Páll Matthíasson og Svanhvít Jakobsdóttir, undirrituðu í júní. Með samkomulaginu er leitast við að styrkja enn frekar sérnám í heimilislækningum sem samfellds námstíma á heilsugæslustöðvum og Landspítala. Hlutverk þessara lykilaðila verður skilgreint betur til að treysta stöðu sérnámslækna í heimilislækningum innan Landspítala og skapa meiri samfellu og heild á námstímanum en verið hefur.

Mikil áhersla er á að fjölga læknum í sérnámi í heimilislækningum og að fá nýja heimilislækna til starfa hjá HH. Í tengslum Norræna ráðstefnu heimilislækna í Gautaborg í júní, tóku fulltrúar HH til dæmis þátt í að halda kvöldverðarfund fyrir íslenska heimilislækna og sérnámslækna í heimilislækningum búsetta á norðurlöndunum. Tilgangur fundarins var að kynna vinnuumhverfi heimilislækna á Íslandi og hvað er verið að gera til að bæta það, með það í huga að hvetja þennan hóp til að koma heim til starfa.



Félagslífið

Af félagslífinu er það að segja að lið undir merkjum HH tók í fyrsta sinn þátt í WOW-cyclothon hjólréiðakeppninni sem fór fram dagana 23. til 26. júní. Liðið, sem var skipað tíu starfsmönnum, stóð sig með mikilli þryði. Á myndinni er liðið komið í mark og hermir eftir merki HH.

Starfsmenn tóku einnig þátt í Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu og héldu árlegt golfmót. Til að næra andann voru Fræðadagarnir í boði í sjöunda sinn og auk hefðbundnar árshátíðar.

Rekstur

Rekstraryfirlit

	2015	2014
Sértekjur alls	742.249.935	685.199.972
Gjöld	6.395.530.840	5.626.296.775
Laun og launatengd gjöld	4.752.788.840	4.105.666.093
Önnur gjöld	1.642.742.000	1.520.630.682
Ríkisframlag	5.667.800.000	4.957.200.000
Tekjuafgangur	14.519.095	16.103.197

Kostnaður sundurliðaður eftir viðfangsefnum

Heilsugæslustöðvar

	2015	2014
Heilsugæslan Árbæ	365.752.609	306.798.925
Heilsugæslan Efra Breiðholti	262.887.665	227.571.352
Heilsugæslan Efstaleiti	229.655.681	198.849.907
Heilsugæslan Fjörður	369.106.988	315.656.664
Heilsugæslan Garðabæ	288.467.506	240.712.935
Heilsugæslan Glæsibæ	230.568.634	200.695.680
Heilsugæslan Grafarvogi	394.358.954	355.279.139
Heilsugæslan Hamraborg	483.765.287	443.734.673
Heilsugæslan Hlíðum	216.005.392	187.047.258
Heilsugæslan Hvammi	219.843.284	195.090.078
Heilsugæslan Miðbæ	206.317.982	180.016.481
Heilsugæslan Mjódd	225.159.934	172.856.191
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	356.101.339	331.760.888
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	301.275.703	249.232.341
Heilsugæslan Sólvangi	499.270.539	467.450.502
Samtals	4.648.537.497	4.072.753.014

Miðlæg þjónusta

	2015	2014
Þroska- og hegðunarstöð	160.112.771	142.131.140
Göngudeild sóttvarna	32.043.785	29.674.481
Geðheilsa iðjubjálfun	45.437.245	45.739.939
Samtals	237.593.801	217.545.560

Skrifstofa og verkefni

	2015	2014
Skrifstofa og Þróunarsvið*	610.801.172	530.999.008
Deild rafrænnar þjónustu	156.348.435	119.799.221
Samtals	767.149.607	650.798.229

*Stjórnsýsla verður Skrifstofa frá 2015 og Þróunarsvið er hluti af rekstri Stjórnsýslu/Skrifstofu frá 2014

Stærstur hluti sértekna eru komu-gjöld, um 48%. Aðrar tekjur eru m.a. vottorð, leigutekjur, námskeiðsgjöld og þjónusta við aðrar stofnanir.

Laun sérnámslækna eru bókfærð undir skrifstofu.

Einstakir útgjaldaliðir breyttust með þeim hætti að launagjöld urðu 15,8% hærri en árið áður, húsnæðis-kostnaður hækkaði um 2,1%, kostnaður vegna ferða og funda um 2,2% og tölvu- og kerfisfræðiþjónusta um 9,3%. Hins vegar lækka útgjöld vegna lækningarannsókna um 6,2% og útgjöld vegna rekstrarvara standa í stað.

Þess ber að geta að hækkun á launum lækna á árinu 2014 vegna kjarasamnings lækna í janúar 2015 er að mestu færð á árið 2015.

Mannauður

Ársverk eftir stéttarfélögum

	2015	2014
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	116,6	117,5
Félag lífeindafræðinga	3,0	3,6
Félag sjúkráþjálfara	2,5	1,2
Félagsráðgjafafélag Íslands	3,5	2,6
Fræðagarður	4,8	5,7
Iðjuþjálfafélag Íslands	3,1	4,1
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	3,1	3,0
Kjararáð og utan félaga	2,0	2,7
Ljósmaðrafélag Íslands	19,9	22,0
Lyfjafræðingafélag Íslands	0,5	0,8
Læknafélag Íslands	123,0	123,8
Samflot sveitarfélaga	7,9	9,0
Sálfræðingafélag Íslands	20,4	18,3
SFR - stéttarfélag í almannajónustu	108,1	109,7
Sjúkraliðafélag Íslands	32,1	29,4
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafr.	1,0	1,0
Verkalýðsfélagið Hlíf	0,1	0,5
Þroskaþjálfafélag Ísland	0,5	0,4
Samtals	452,1	455,3

Ársverk eftir starfsstöðvum

	2015	2014
Heilsugæslan Árbæ	26,0	24,3
Heilsugæslan Efra Breiðholti	19,4	20,1
Heilsugæslan Efstaleiti	19,5	20,0
Heilsugæslan Fjörður	29,7	28,9
Heilsugæslan Garðabæ	26,9	26,3
Heilsugæslan Glæsibæ	15,6	15,1
Heilsugæslan Grafarvogi	27,6	31,4
Heilsugæslan Hamraborg	48,9	49,2
Heilsugæslan Hlíðum	18,8	18,7
Heilsugæslan Hvammi	18,0	18,3
Heilsugæslan Miðbæ	17,5	17,7
Heilsugæslan Mjódd	19,3	16,6
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	22,4	23,9
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	23,1	22,4
Heilsugæslan Sólvangi	47,6	51,0
Geðheilsa-eftirfylgd	4,0	5,1
Göngudeild sóttvarna	2,8	2,8
Þroska- og hegðunarstöð	15,7	14,6
Stjórnsýsla	49,3	48,9
Samtals	452,1	455,3

Ársverk breyttust mjög lítið milli ára 2014 og 2015.

Eins og áður eru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Íslands og SFR- stéttarfélög í almannajónustu fjölmennust enda er þetta meirihluti starfsmanna á heilsugæslustöðvunum.

Ársverk innan stjórnsýslu skiptast á svið fjármála og rekstrar og þróunarsvið. Innan stjórnsýslunnar eru einnig framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og starfsmenn í verkefnum á þeirra vegum.

Lykiltölur 2015

Þessar tölur sýna eingöngu klíniska starfsemi á stöðvunum, viðtöl/komur einstaklinga, símtöl við þá eða lyfjaendurnýjun og síðan vitjanir til einstaklinga - bæði á dagvinnutíma og síðdegisvakt.

Engin vinna ritara, svör við rannsóknum, læknaþréf eða önnur samskipti sem ekki fela í sér samskipti við einstaklinga eru hér með. Heimahjúkrun er talin sérstaklega.

Heilsugæslustöðvar - Samskipti eftir þjónustuflokkum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	226.085	293.114	483 ¹
Hjúkrun	64.268	44.904	2.741 ²
Mæðravernd	22.495	9.171	
Ungbarnavernd	31.074	5.789	5.037
Sálfræðiþjónusta	3.140	1.619	
Sykursýkismóttaka	601	125	
Annað	1.378	949	6
Alls	349.041	355.671	8.267

1) Hér er aðallega um að ræða vitjanir vaktlækna í Mosfellsbæ

2) Hér er aðallega um að ræða fjölskylduheilsuvernd og geðheilsuvernd mæðra í kjölfar barnsfæðingar

Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir starfstétt

Hér er ekki hægt að fá samtölu því að það geta margir starfsmenn komið að sömu samskiptum. Þó samskiptin séu ein að þá teljast þau einu sinni á hvorn starfsmann, þegar talið er eftir starfsstéttum.

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	246.112	296.510	529
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	120.410	59.600	7.784
Sálfræðingar	3.140	1.619	2
Hreyfistjórar	522	0	
Félagsráðgjafar	854	948	
Aðrir	282	33	1

Lykiltölur 2015- framhald

Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heilsugæslan Árbæ	32.323	29.753	772
Heilsugæslan Efta Breiðholti	22.111	30.847	215
Heilsugæslan Efstaleiti	16.455	13.697	309
Heilsugæslan Fjörður	21.302	22.232	734
Heilsugæslan Garðabæ	24.018	27.229	431
Heilsugæslan Glæsibæ	16.980	16.530	383
Heilsugæslan Grafarvogi	32.137	27.071	737
Heilsugæslan Hamraborg	18.539	19.989	456
Heilsugæslan Hlíðum	20.171	20.268	406
Heilsugæslan Hvammi	19.628	24.109	307
Heilsugæslan Miðbæ	21.591	20.605	645
Heilsugæslan Mjódd	17.556	17.230	311
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	21.498	19.521	856
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	31.577	33.230	627
Heilsugæslan Sólvangi	33.197	33.391	1.074

Heimahjúkrun – samskipti

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heimahjúkrun	46	16.836	105.951

Heimahjúkrun - samskipti eftir starfsstétt

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Hjúkrunarfræðingar	42	12.322	23.656
Sjúkraliðar	4	3.786	64.156
Félagsliðar		707	18.226

Lykiltölur 2015- framhald

Heilsuvernd skólabarna skólaárið 2014-2015

Þessar tölur eru úr Ískra

	Allir skólar á höfuðborgarsv	Meðaltal á hvern nemanda:
Skyldufræðsla	59.157	2,2
Önnur fræðsla	19.635	0,7
Viðtöl um heilsu og líðan	10.588	0,4
Bólusetningar	8.828	0,3
Samskipti vegna einstaklingsþjónustu	45.948	1,7
Skimanir	24.069	0,9
Samtals samskipti	168.225	6,2
Nemendafjöldi	27.084	
Tölvusamskipti við foreldra	43.988	1,6

Þroska- og hegðunarstöð

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2015	2014
Nýjar tilvísanir til þroska- og hegðunarstöðvar	541	456
Þar af vegna ADHD og skyldra raskana	491	339
Tilvísanir afgreiddar á árinu	383	380
Þar af fóru í formlegt greiningarferli	320	333
Þátttakendur á færniþjálfunarnámskeið fyrir foreldra eða börn	465	453

Geðheilsa - Eftirfylgd

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2015	2014
Skjólstæðingar	203	193
Viðtöl	1.608	1.598
Vitjanir	36	49
Bráðatilfelli	71	116
Fjölskyldufundir	35	48
Þjálfun á vettvangi	131	44